

Fundargerð

264. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 5. febrúar 2019 kl. 12¹⁵ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Gunnar Hall (GH) Reiknisskilaráð
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Jóhann Rúnar Björgvinsson (JRB) Rskr.
Guðfinnur Johnsen (GJ) Íris Gunnarsdóttir (ÍG) Úrvinnslusjóður
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) vm (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Úrvinnslusjóður
- (3) Olía
- (4) Raftæki
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (263. fundar).

Samþykkt

GGÞ tilkynnir um breytingar á mönnun stjórnar Úrvinnslusjóðs. Lárus M.K. Ólafsson tekur sæti Bryndísar Skúladóttur sem fulltrúi Samtaka Iðnaðarins. Jafnframt kemur Benedikt S. Benediktsson inn sem fulltrúi Samtaka verslunar og þjónustu í stað Lárusar M.K. Ólafssonar. Bryndísi eru þökkun góð störf í stjórn Úrvinnslusjóðs á umliðnum árum. GGÞ býður gesti velkomna á fundinn, þá Gunnar Hall og Jóhann Rúnar frá Reikningsskilaráði.

2. Úrvinnslusjóður

Gestir mættu á fundinn til að ræða við stjórn um lög um opinber fjármál og tekjur Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi.

GGÞ rakti málið er varðar markaðar sértekjur Úrvinnslusjóðs eftir að lög um opinber fjármál nr. 123/2015 tóku gildi. Eins að stjórn hefur ekki enn undirritað ársreikning fyrir árið 2017.

GH gerði grein fyrir starfi Reikningsskilaráðs. Beint er til Rskr vafamálum er varða reikningshald stofnana. Það þarf að skilja milli tekna stofnana og tekjum ríkissjóðs. Rskr getur úrskurðað í ágreiningsmálum. Hann fór yfir stöðu Úrvinnslusjóðs gagnvart lögum og uppgjöri samkvæmt því. Er úrvinnslugjald meðhöndlað sem skattar eða sem þjónustugjald

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "GGÞ", "GH", and "Rskr".

(rekstartengdar tekjur)? GH telur að breyta þurfi færslum á úrvinnslugjaldi til að mæta skuldbindingum Úrvinnslusjóðs.

JRB fór yfir hvað er skattur og hvað er þjónustugjald. Taldi hann að úrvinnslugjald flokkaðist undir þvingaðar greiðslur. Þ.e. menn kæmst ekki hjá að greiða úrvinnslugjald en ekki væri tilgreind þjónusta á móti líkt og með vegabréf.

En breytinga er vænta í alþjóðlegum skilningi á umhverfisgjöldum. Þar eru menn að skoða að þvinguð gjöld líkt og úrvinnslugjald verði skilgreint sem þjónustugjald. Rskr er að skoða hvort að neytendur séu að kaupa þjónustu með greiðslu úrvinnslugjalds.

ÓK fór yfir framleiðendaábyrgð sem framleiðendur/innflytjendur kaupa sig frá með greiðslu úrvinnslugjalds. Þjónustan sem Úrvinnslusjóður veitir er til framleiðenda og er til að hafa umsjón með framleiðendaábyrgð.

JRB minnti á að staðlar um hvað er skattur og hvað er þjónustugjald byggja á alþjóðlegum stöðlum, IMF og Eurostat.

Stjórnarmenn ræddu stöðuna við GH og JRB.

GH leggur til að haldið verði áfram að skoða stöðu Úrvinnslusjóðs hjá Rskr og þeir munu hitta stjórn aftur þegar að niðurstaða liggur fyrir.

LÓ yfirgefur fund kl. 13:30

Gestir yfirgáfu fund 13:40

Lögð voru fram fundinum drög að minnisblaði er varðar úrvinnslugjald og markaðar tekjur unnið af Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur lögfræðingi. ÓK fór helstu atriði.

Ákveðið að taka 4. lið á undan

4. Raftæki

Framhaldið var umræðum um breyttar kröfur um ráðstöfun á litlum raftækjum, þar sem gert er ráð fyrir að þau verði send til ráðstöfunar hjá aðilum sem eru sérhæfðir í endurvinnslu raftækja. ÍG kom inn á fund kl. 13:40 og gerði grein fyrir tillögum að breyttu endurgjaldi til þjónustuaðila vegna lítilla raftækja og lagði fram upplýsingar um útreikninga þar sem óskað er eftir að endurgjaldið hækki í 50 kr/kg.

Stjórn samþykkir að endurgjald vegna meðhöndlunar á litlum raftækjum verði 50 kr/kg frá og með 1. janúar 2019

ÍG yfirgefur fund kl 13:50

3. Olía

ÓK fór yfir að Úrvinnslusjóður er með samninga við innflytjendur á svartolíu um söfnun og ráðstöfun svartolíuúrgangs sbr. 8. gr. í lögum um úrvinnslugjald. Þar með eru innflytjendur undanþegnir greiðslu úrvinnslugjalds við innflutning. Olíuverslun Íslands sagði upp sínum samningi í síðasta mánuði. Þar með er fyrirkomulagið fallið úr gildi og Úrvinnslusjóður þarf að segja upp samningum við hin fyrirtækin. Söfnun og ráðstöfun svartolíu færast undir þjónustusamning Úrvinnslusjóðs við olíufélögin og innheimta úrvinnslugjalds hefst á svartolíu. Lagður var fram á fundinum svartólíusamningur Úrvinnslusjóðs við Olíuverslun Íslands og þjónustusamningur Úrvinnslusjóðs við olíufélögin um söfnun og ráðstöfun úrgangsolíu.

ÓK
ÍG

5. Önnur mál

GGÞ fór yfir að Bryndís Skúladóttir hafi verið varaformaður stjórnar. Hann leggur til að Guðfinnur Johnsen verði varaformaður stjórnar.

Samþykkt.

Næsti fundur ákveðinn 26. febrúar 2019.
Fundu slitið kl. 14.00

Ásgeir
Bryndís Skúladóttir
Guðinn J. Þ.
Johnsen
Hafþ.
Bryndís Guðlaugsd.